

MINNI BREYTT

1. Veljið minni með örvatökkunum.
2. Ýtið á MENU-takkann í nokkrar sekúndur.
Fyrsta breytingaskipunin birtist á aukaskjánum.
3. Veljið skipun með örvatökkunum.

Notkun breytingaskipana er lýst hér á eftir.

BREYTINGASKIPANIR - PÖKKUN OG FLOKKUN

Ún Þyngdareining

Notið þessa skipun til að setja þyngdareininguna.

1. Ýtið á MENU-takkann í nokkrar sekúndur.
2. Veljið skipunina **Ún** með örvatökkunum.
3. Ýtið á PRINT-takkann til að birta gildandi þyngdareiningu (hægra megin á aðal-skjánum).
4. Ýtið á PRINT-takkann. Ljósið fyrir eininguna blikkar.
5. Veljið nýja einingu með örvatökkunum.
6. Ýtið á PRINT-takkann til að staðfesta valið.
7. Ýtið á MENU-takkann til að hverfa aftur í Breytingahátt.
8. Ýtið aftur á MENU-takkann til að hverfa aftur í Vinnsluhátt.

BREYTINGASKIPANIR - FLOKKUN

Flokkamörk

L o l Notið þessa skipun til að setja neðri mörkin fyrir hvern flokk.

1. Ýtið á MENU-takkann í nokkrar sekúndur.
2. Veljið skipunina **L o l** með örvatökkunum.
3. Ýtið á PRINT-takkann. Núverandi gildi fyrir neðri mörk birtist á aðalskjánum.
4. Ýtið aftur á PRINT-takkann. Þegar stafirnir blikka, er hægt að breyta gildi þeirra.
5. Breytið gildi stafanna með örvatökkunum.
Ýtið á PRINT-takkann til að kveikja á hverjum staf fyrir sig.
6. Ýtið á MENU-takkann til að hverfa aftur í breytingahátt.
7. Ýtið aftur á MENU-takkann til að fara í vinnsluhátt.

Kveikja þarf á öllum stöfum (jafnvel þótt aðeins einum staf sé breytt) til að breytingar taki gildi!

Flokkunaraðferð

U r d Notið þessa skipun til að velja flokkunaraðferð fyrir minnið sem á vinna með.

Sama aðferð og við skipunina Þyngdareining.

EINFÖLD FLOKKUN

- n E t**
1. Veljið flokkunarminni og flokkunaraðferð.
 2. Setjið einn hlut í senn á pallinn.
 3. Þyngd hvers einstaks hlutar birtist á aðal-skjánum og aukaskjárin sýnir flokk hlutarins.

MÍNUS-FLOKKUN

- r E.**
1. Veljið flokkunarminni og flokkunaraðferð.
 2. Setjið bakka með öllu, sem á að flokka, á vogarpallinn.
 3. Takið einn hlut í senn upp úr bakkanum og bíðið þar til flokkurinn birtist á aukaskjánum.

PLÚS-FLOKKUN

- P O S**
1. Veljið flokkunarminni og flokkunaraðferð.
 2. Setjið bakka á vogarpallinn og síðan einn hlut í senn í bakkan.
 3. Flokkur hvers hlutar birtist nú á aukaskjánum.

MÍNUS- OG PLÚS-FLOKKUN HÆTT

1. Veljið nýja flokkunaraðferð í því minni, sem er í notkun
eða
2. Skiptið yfir í minni, sem ekki hefur mínus- eða plús-flokkun skilgreinda sem flokkunaraðferð.

BREYTINGASKIPANIR - PÖKKUN

L o Neðri mörk

Notið þess skipun til að setja neðri þyngdarmörk fyrir pökkunarminnin.

Sama aðferð og við skipunina Flokkamörk.

H, Efri mörk

Notið þessa skipun til að setja efri þyngdarmörk fyrir pökkunarminnin.

Sama aðferð og við skipunina Flokkamörk.

NOTKUN TVEGGJA VIGTARSVÍÐA

Auto

Þegar stillingin Auto er notuð, skiptir vogin sjálfvirk milli vigtarsviða.

Max2-ljósið kviknar á meðan vogin er á hærra vigtarsviðinu. Vogin skiptir ekki aftur yfir á lægra sviðið fyrr en

- vogin hefur verið stöðug á núlli í nokkrar sekúndur (sjálfvirk núllun virk)
eða
- ýtt er á ZERO-takkann.

Tara, sem sett er í hærra vigtarsviðinu, fellur úr gildi þegar vogin skiptir yfir á lægra sviðið.



Fylgist ávallt með ZERO-ljósinu við notkun vogarinnar:

- Græna ZERO-ljósið á alltaf að kvikna, þegar vogarpallurinn er tómur.
- Ef ekki, þarf að ýta á ZERO-takkann til að taka nýtt núll.

Marel hf. · Austurhraun 9 · IS-210 Gardabær
tel +354 563-8000 · fax +354 563-8001

040210ISL

M 1 1 0 0

P ö k k u n a r - o g F l o k k u n a r v o g



- | | |
|-------------------------------|--|
| 1. Hús | 13. OVER-ljós (yfir) |
| 2. Upplýsingaplata | 14. Þyngdareining |
| 3. Max2/Dvalaljós | 15. UPP-ör |
| 4. Pökkunarljós | 16. MENU-takki (skipta um valmyndir) |
| 5. Flokkunarljós | 17. NIÐUR-ör |
| 6. NET-ljós (nettó) | 18. PRINT-takki (skrá, prenta) |
| 7. UNDER-ljós (undir) | 19. ZERO-takki (núllstilling) |
| 8. Aðalskjár | 20. TARE-takki (tara) |
| 9. Aukaskjár | 21. Stöng |
| 10. ACCEPT-ljós (gild vigtun) | 22. Tenging fyrir kapal/rafhlöðu (aukabúnaður) |
| 11. ZERO-ljós (núll) | |
| 12. STEADY-ljós (stöðug) | |

Notkun - í stuttu máli


AÐALSKJÁR



Nettóþyngdin á vogarpallinum

Þyngdareining

STEADY- OG ZERO-LJÓS



Þyngdin á vogarpallinum er stöðug.

Vogin er á núllpunkti.

AUKASKJÁR



Sýnir flokkunarminni 1, flokk 3.

Sýnir pökkunarminni 5.

PÖKKUNARLJÓS



RAFHLÖÐULJÓS



Á aukaskjánum. Blikkar þegar hleðsla rafhlöðunnar er orðin lág.

Max2-ljósið neðst til vinstri á M1100-hausnum blikkar á meðan vogin er í dvala.

Ýtið á hvaða takka sem er á takkaborðinu til að vekja vogina aftur.

ÖRVATAKKAR




Notaðir til að velja pökkunar- eða flokkunarminni.

MENU-TAKKI



Til að breyta stillingum fyrir pökkunar- eða flokkunarminni.

PRINT-TAKKI




Til að prenta vigtanir og staðfesta nýjar stillingar.

ZERO-TAKKI



Tekur nýtt núll.

TARE-TAKKI



Gerir töru virka og afnemur töru.

KVEIKT Á VOGINNI

Fyrsta skipti

Stingið rafmagnssnúrunni í samband. Rafhlöðuvog: setjið rafhlöðurnar í rörið.

Hafið ávallt kveikt á voginni! Stöðugur straumur kemur í veg fyrir raka í voginni.

MINNI VALIÐ

1. Notið örvatakkana til að velja það minni, sem nota á.

Minnið er virkt, þegar númer þess birtist á aukaskjánum. Vogin er nú tilbúin til notkunar.

ÚR PÖKKUN Í FLOKKUN

Farið er úr Pökkunarhætti með því að fletta í minnunum með örvatökkunum þar til fyrsta flokkunarminnið birtist á skjánum. Flokkunarljósið kviknar til að sýna að vogin er nú í flokkunarhætti.

Notið sömu aðferð til að skipta úr flokkun yfir í pökkun.

FLOKKUNARAÐFERÐ VALIN

Sjá **Breytingaskipanir - Flokkun** á bakhlið.

VIGTUN

ACCEPT Grænt ljós: Þyngdin er innan settra marka.

OVER UNDER Rautt ljós: Þyngdin er utan settra marka.

STEADY Grænt ljós: Þyngdin er stöðug á vogarpallinum.

GRADE Rautt ljós: Vogin er stillt á flokkun.

PACK Rautt ljós: Vogin er stillt á pökkun.

CAL Blikkandi rautt ljós: Framkvæma þarf kvörðun með lóði.

ÞYNGDAREINING



Þyngdareiningin getur verið mismunandi fyrir hvert pökkunar- eða flokkunarminni. Þegar skipt er um minni, er þyngdin sýnd í þeirri einingu, sem valin var fyrir það tiltekna minni.

VIGTUN SKRÁÐ

Handvirk skráning:

- Fylgist með ACCEPT- og STEADY-ljósunum.
- Ýtið á PRINT-takkann, þegar kviknar á ljósunum, til að skrá vigtunina.
- Orðið **FL** birtist á aukaskjánum meðan skráning stendur yfir.
- Orðið **ON** birtist á aukaskjánum, ef reynt er að skrá sömu þyngd tvisvar eða þyngdin er óstöðug eða utan marka.

Sjálfvirk skráning:

Ef þessi háttur er valinn, er þyngdin skráð sjálfvirk um leið og hún er tekin af pallinum (pökkun eða mínus-flokkun) eða sett á pallinn (plús-flokkun), svo framarlega sem þyngdin hafi verið stöðug.

NOTKUN TÖRU

Stillt á töru

- Setjið bakka á vogarpallinn.
- Ýtið á TARE-takkann.
- NET-ljósið kviknar og sýnir að tara er í notkun.

Tara afnumin

Tæmið vogarpallinn, og ýtið á TARE-takkann. NET-ljósið slokknar.

Tara prófuð

Þegar tara er notuð, þarf að prófa hana öðru hvoru: setjið bakka á pallinn, og takið eftir hvort aðalskjárin sýnir núll. Ef ekki, ýtið á TARE-takkann.

KVÖRÐUN SKIPAVOGAR MEÐ LÓÐI



- Tæmið vogarpallinn.
- Ýtið samtímis á MENU- og ZERO-takkana.
- Bíðið þar til vogin biður um viðmiðunarlóð.
- Setjið viðmiðunarlóðið á vogarpallinn.
- Táknin **---** birtast á skjánum meðan kvörðunin stendur yfir. Ef táknin birtast ekki, þarf að ýta á PRINT-takkann til að setja kvörðunina í gang.
- Þegar kvörðuninni er lokið, birtist **FL ON** á skjánum. Gildi yfir 25 gefa til kynna lélega kvörðun. Í slíkum tilfellum þarf að endurtaka þrep 1 til 6.
- Takið lóðið af pallinum.
- Vogin núllstillir sig og er nú tilbúin til notkunar.